

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 14. apríl 2026 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Magnús Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Gestir voru Vigdís Pála Þórólfsdóttir AÍFS, Eyþór Jónatansson BS, Sigurjón Heiðar Sigurbjörnsson BS, Linda Jóhannsdóttir BÍKR, Halldór Vilberg Ómarsson AÍFS, Kristín Kristinsdóttir BÍKR

Fundargerð ritaði AS

1. Reglubreytingar

Farið yfir helstu breytingar á keppnisgreinareglum fyrir rally með samanburði í Reglus. Nokkur umræða varð um hverskonar skyndihjálparnámskeið væru viðurkennd.

2. Leiðbeiningar um lokun sérleiða

Farið yfir leiðbeiningum sem keppnisráðið hafði sett saman. Var vel tekið þær og mun AS senda þær til keppnishaldara.

3. Tímatökubúnaður

Gerður hefur verið samningur við RaceControl Island um kaup á tækjum til rafrænnar tímatöku í öllum keppnum í rally, ásamt þjónustu við rekstur kerfisins á komandi keppnistímabili. Ingimundur og Baldvin hjá Race Control stefna á að hafa búnaðinn tilbúinn fyrir fyrstu umferðina í Íslandsmótinu í sveitarally, sem fram fer 25. apríl n.k.

Óskað eftir að ráðið komi með leiðbeiningar til félaganna um hvernig skilgreint verður hvort notast verður við tíma úr þessum búnaði við ákvörðun úrslita, eða hvort hann verður eingöngu til prófunar og áfram notast við tímatöku með skeiðklukkum

4. Önnur mál

Sérreglur – farið yfir sniðmát fyrir sérreglur sem verður í Mótakerfi AKÍS.

Sveitarally – greint frá því að það sem heitir Cross Country Rally á ensku, og hefur verið kallað „jepparally“ á íslensku muni framvegis heita Sveitarally, þar sem fyrrnefnda heitið myndi skapa óvissu varðandi túlkun á ákvæðum Reglubókarinnar. Gefnar hafa verið út Keppnisgreinareglur fyrir sveitarally, sjá [hér](#).

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.36